

Gömul og vond hugmynd

Ef skattur af séreignarsparnaði verður notaður til að greiða fyrir lækkun verðtryggðra skulda lendir kostnaðurinn á endanum á skattgreiðendum


Aftur eru komar fram hugmyndir um að skattleggja lífeyrissparnað fyrirfram. Í þetta skipti á að nota skattinn til að leiðrétta verðtryggð lán. Áður var lagt til að skatturinn yrði notaður til að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs eftir efnahagshrunið. Flutningsmenn tillögu virðast í báðum tilvikum við fyrstu sýn hafa fundið fé til að leysa erfið viðfangsefni. Svo er þó ekki.

Lífeyrissparnaður er lagður til hliðar til að fjármagna framfærslu einstaklinga þegar þeir fara á eftirlaun. Einstaklingar þurfa eftirlaun þegar þeir hætta að vinna til að greiða fyrir eigin neyslu og fyrir sameiginlega neyslu í formi skatta. Þess vegna er lífeyrissparnaður lagður fyrir af launum fyrir skatta. Sá sem sparar frestar neyslu og skattgreiðslu í nútíð til að nota í framtíð.

Ef stjórnvöld ákveða að taka skatt af lífeyrissparnaði fyrirfram eru þau í raun að eyða tekjum fyrirfram. Með slíkri aðgerð er vegið að grunnhugsun lífeyriskerfisins sem er að hver kynslóð sparar og byggir upp eftirlaunasjóð til að greiða fyrir neyslu og skatta. Eftir stendur að þegar núverandi kynslóð fer á eftirlaun vantar tekjur til að fjármagna samneyslu. Einnig er líklegt að trúverðugleiki séreignarsparnaðar bíði varanlega hnekki. Hvernig eigum við að treysta því að stjórnálamenn framtíðarinnar skattleggi ekki aftur þann sparnað sem eftir verður? Þessi áhrif verður að taka með í reikninginn. Það er líka kostnaðarsöm aðgerð að breyta lífeyriskerfinu og búa til tvöfalt lífeyriskerfi, skattlagt og óskattlagt. Þá peninga getum við nýtt í annað.

Enginn deilir um að verðtryggð lán hafa hækkað umfram laun og fasteignaverð á síðustu árum og margir búa við skuldavanda. Sá vandi verður ekki leystur nema með því að einhver greiði fyrir. Ef stjórnvöld ákveða að taka skatt af séreignarsparnaði fyrirfram er það ákvörðun um að skattgreiðendur greiði fyrir lækkun verðtryggðra skulda. Vilji stjórnvöld að kostnaðurinn lendi á skattgreiðendum mæli ég með að það verði gert með öðrum hætti en að taka áhættu með lífeyrissparnaðinn. Það hefur aldrei verið jafnmikilvægt og núna að leggja fyrir aukalega til eftirlaunaáranna vegna fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar (sjá mynd) og lengri lífaldurs. Við höfum ekki efni á að velta vandanum yfir á næstu kynslóð.

Fjöldi 65 ára og eldri sem hlutfall af fjölda íbúa 15–64 ára



Mannfjöldaspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu áratugum. Samkvæmt spánni mun hlutfall eftirlaunaþega sem hlutfall af fjölda vinnandi fólks hækka úr 18% árið 2010 í 39% árið 2050.